



Landgræðsluskógasamningur um Múlastaði undirritaður

Þriðjudaginn 23. febrúar sl. undirrituðu Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, samning um ræktun landgræðsluskóga á jörðinni Múlastöðum í Flókadal í Borgarfirði. Jörðina keypti Skógræktarfélag Reykjavíkur árið 2014.

Múlastaðir er alls um 650 hektarar að stærð og vel fallin til skógræktar. Ræktunarsamningur við Vesturlandsskóga er nú þegar í gildi um hluta jarðarinnar, um 370 hektara. Sá hluti jarðarinnar sem fellur undir þennan nýja landgræðsluskógasamning er alls um 36 hektarar og stefnt er að því að gróðursetja að minnsta kosti 20.000 plöntur árlega.

Landgræðsluskógaverkefnið hófst árið 1990 og var hleypt af stokkunum í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands. Er landgræðsluskógum ætlað að nýtast almenningi til útivistar til framtíðar.

Magnús Gunnarsson (t.v.), formaður Skógræktarfélags Íslands og Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, undirrita samninginn (Mynd: RF).



Gleðilegan alþjóðadag skóga 21. mars



25 árgangar Laufblaðsins



Þetta Laufblað er fyrsta tölublað 25. árgangs Laufblaðsins, en Laufblaðið leit fyrst dagsins ljós árið 1992 og verður það að teljast ágætis árangur að ná aldarfjórðungsaldri. Var byrjað með útgáfu þess á sínum tíma vegna ítrekaðra óska á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands þess efnis að félagið stæði að útgáfu fréttabréfs. Eins og fram kemur í fyrsta tölublaði blaðsins var því ætlað að vera „...vettvangur aðildarfélaganna um hvaðeina er snertir starfið...“. Á fyrstu árum þess var prentað fréttabréf skilvirkasta leiðin fyrir skógræktarfélögin til að koma frá sér upplýsingum – internetið var þá enn í bernsku hérlandis og samskiptavefir og miðlar varla til. Nú er öldin önnur. Möguleikar á dreifingu fréttar, upplýsinga og fræðslu eru allt aðrir og fjölmörg skógræktarfélög eru með netfangalista fyrir félagsmenn til að senda fréttir, með heimasíðu, á Facebook eða öðrum samskiptamiðlum o.s.frv.

Laufblaðið hefur eðlilega tekið ýmsum breytingum á þessum aldarfjórðungi. Fyrstu blöðin voru prentuð í tveimur litum og að mestum hluta texti, en strax árið 1994 færðist fullur litur yfir blaðið og myndum fjölgaði í kjölfarið. Tölublöðunum fjölgaði árið 1997 og urðu flest fjögur árið 2008. Árið 2004 stækkaði blaðið svo í dagblaðsbrot. Stærsta breytingin átti sér svo stað árið 2011 er hætt var að prenta blaðið og farið að dreifa því rafrænt til félaganna.

Þrátt fyrir þessa breytingu í uppsetningu og útgáfu blaðsins hafa efnistök þess í meginatriðum haldist undanfarinn aldarfjórðung. Ávallt hefur verið lögð megináhersla á fréttir frá skógræktarfélögunum, í bland við ýmsar áhugaverðir smáfréttir um skóga og skógrækt almennt, auk ýmiss annars efnis sem talið var áhugavert. Á tímabili voru t.d. krossgátur í blaðinu, að sjálfsögðu með skógarívafi, og árið 2008 var í fyrsta sinni sérstakt Barnahorn í blaðinu, fyrir „græðlingana“ innan skógræktarhreyfingarinnar.

Þar sem fréttum frá félögunum er nú dreift á svo miklu fleiri vegu hefur inn á milli verið umræða hvort svona fréttablað sé ákveðið barn síns tíma – hvort yfirhöfuð þurfi blað eins og Laufblaðið lengur. Niðurstaðan hefur ávallt verið sú að halda útgáfu þess áfram. Þar sem blaðið er sent á alla félagsmenn skógræktarfélaganna sem skráðir eru með netfang er Laufblaðið enn vettvangur fyrir fréttir frá félögunum og virkar enn sem ákveðið safn eða samantekt fréttar frá þeim. Svo má ekki gleyma því að eftir aldarfjórðung þykir sumum einfaldlega vænt um Laufblaðið. Eða eins og einn ágætur meðlimur skógræktarfélags sagði er hann hringdi inn á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands til að tilkynna breytt netfang: „Þetta er svo fallega skrifað blað“. Í heimi þar sem stór hluti almennra fréttar verða að teljast neikvæðar – átök og stríð, ýmis umhverfis- og mannleg vandamál – er kannski full þörf á blaði með „fallegar“ fréttir.

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 25. árgangur, 1. tölublað 2016.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2015:

Magnús Gunnarsson formaður
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Guðbrandur Brynjúlfsson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Heiðmundsdóttir
Laufey B. Hannesdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



TOYOTA

Fórst þú í skiptiferð til Noregs?

Árið 1949 hófust svokallaðar skiptiferðir til Noregs á vegum Skógræktarfélags Íslands. Í þeim fór hópur íslensks skógræktarfólks til Noregs til fræðslu og starfa og hópur norsks skógræktarfólks kom á móti til Íslands í sama tilgangi. Voru slíkar ferðir farnar á 3-4 ára fresti fram til síðustu aldamóta, er skiptiferðirnar lögðust af og almennar fræðsluferðir Skógræktarfélags Íslands tóku við. Eru skiptiferðirnar merkur kaflí í sögu skógræktar á Íslandi og efldu tengsl íslensks skógræktarfólks við frændur og kollega í Noregi.

Nú stendur til að skrifa sögu þessara ferða, frá upphafi þar til þær lögðust af um aldamótin. Er hér um samvinnuverkefni Skógræktarfélags Íslands og Norska skógræktarfélagsins að ræða. Af því tilefni óskar Skógræktarfélag Íslands eftir heimildum um ferðirnar, svo sem dagbókum, bréfum, frásögnum og ljósmyndum úr ferðunum, hvort sem er ferðum Íslendinga til Noregs eða Norðmanna hingað til lands. Allar upplýsingar eru



Um 30 íslenskir skógræktarmenn fóru í fyrstu skiptiferðina til Noregs árið 1949.

vel þegnar. Hægt er að hafa samband við skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í síma 551-8150 eða með því að senda póst á netfangið skog@skog.is.


Úr viðjum víðis

Listaháskóli Íslands hefur nú um nokkurra ára skeið verið í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur um verkefni nemenda í vöruhönnun við skólann, þar sem Skógræktarfélagið leggur til efnivið og nemarnir vinna úr honum. Í ár var verkefnið *Willow Project*, eða *Úr viðjum víðis*, unnið í áfanganum „Stefnumót hönnuða við skógræktarbændur“ af nemendum á þriðja ári í vöruhönnun.

Verkefnið snérist um víði, sem mikið hefur verið notaður í skógrækt sem frumherji eða skjólplanta fyrir annan trjágróður. Í verkefninu var hins vegar lögð áhersla á að kanna aðra nýtingu hans og umbreyta víðinum á hinn margvíslegasta máta. Var efniviðurinn brotinn niður og settur saman á víxl til að búa til fjöl-

breytt og mismunandi hráefni og var ákveðið að afmarka vinnsluna þannig að engu væri bætt við nema vatni og hita. Út frá þessu fengust ýmis hráefni, sem fólk myndi við fyrstu sýn ef til vill ekki tengja við víði, svo sem litarefni, þykkni, kalkmassa og saltstein úr víðiösku og reipi.

Kynna má sér verkefnið á heimasíðu þess - www.willowproject.is.



Að ofan. Glerplata þakin með þykkni gerðu úr víði. Þykknið gefur fallegan brúnrauðan lit (Mynd: RF).

T.v. Úr ösku víðist má vinna ýmislegt, enda í henni ýmis steinefni. Hér er pressað salt úr öskunni (Mynd: RF).



Svipmyndir skógræktar



T.v. Nú seinnipart vetrar hefur staðið yfir vinna við nýja stefnumótun fyrir Skógræktarfélag Íslands, en síðasta stefnumótun fyrir félagið var samþykkt á aðalfundi 2007 og gildi til 2015. Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélagsins hafa hist á vinnufundum og unnið að drögum að nýrri stefnumótun, sem mun svo koma til umræðu meðal skógræktarfélaganna (Mynd: RF).



T.h. Þriðjudaginn 1. mars komu nemendur í Fjölbrautarskóla Vesturlands í heimsókn til Skógræktarfélags Akraness. Var erindi þeirra að klippa asparstiklinga í skógræktinni við þjóðveginn til Akraness og gekk það vel, enda veður gott og ungmennung dugleg. Stiklingarnir verða svo settir niður á svæðum Skógræktarfélagsins um leið og frost fer úr jörðu (Mynd: Jens B. Baldursson).



T.v. Meðlimir Skógræktarfélagsins Dafnar létu dumbung ekki hindra sig í að halda til gróðursetningar í september síðast liðnum, enda væta ágæt fyrir nýgróðursettar plöntur. Gróðursettar voru stafafurur og birkiplöntur í reit við Hvanneyri, en félagar Dafnar eru flestir núverandi eða fyrrverandi nemendur við Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsmenn Landbúnaðarháskólans. Á myndinni má sjá Sigríði Hrefnu Pálsdóttur, formann félagsins, ásamt Bjarna Diðrik Sigurðssyni, prófessor í skógræði á Hvanneyri, á fullu í gróðursetningunni (Mynd: Sigríður Hrefna Pálsdóttir).



T.h. Gróðursetningu hjá Skógræktarfélaginu Dafnar lauk með því að kveiktur var varðeldur; pylsur grillaðar við eldinn og málin rædd (Mynd: Sigríður Hrefna Pálsdóttir).



T.v. Skógræktarfélag Akraness stóð fyrir vel heppnuðum fræðslufundi þann 7. mars síðastliðinn. Á fundinum fjallaði Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri um stöðu skógræktar á Akranesi og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur ræddi um þær tegundir sem notaðar eru í núverandi skógræktarsvæði við Akranes og tegundir sem mögulega mætti bæta inn í svæðin og þá sérstaklega berjarunna, ávaxtatré og aðrar áhugaverðar tegundir (Mynd: Jens B. Baldursson).

Skógræktarfélag Íslands hefur um áratugaskeið staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grundu til að fræðast um skóga, náttúru, sögu og menningu viðkomandi lands, þótt aðaláherslan sé að sjálfsögðu alltaf á skóga og skógrækt.

Í ár verður haldið til Frakklands, dagana 13. – 20. september. Flogið verður til Genfar í Sviss og haldið þaðan í hringferð um suðausturhluta Frakklands, um frönsku Alpna. Auk hinna ýmsu skóga sem heimsóttir verða verður farið í grasagarðinn í Col du Lautaret, skoðuð hefðbundin timburhús og smakkað á nokkrum afurðum héraðsins.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um ferðina um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands, skog@skog.is eða s. 551-8150. Í þessa ferð okkar, líkt og aðrar, gildir að fyrstur kemur, fyrstur fær. Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina.

Nánari upplýsingar um ferðina má nálgast á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, undir *Ferðir*.

Skógræktarferð til Frakklands



Í „könglamó“ í Daniélslundi

Daniélslundur er einn af fjölmörgum fallegum skógarreitum í Borgarfirði og er hann í umsjá Skógræktarfélags Borgarfjarðar. Nú í febrúar og mars vann verktaki á vegum Skógræktarfélagsins við grisjun í hluta skógarins í Daniélslundi og var verið að grisja þetta furureiti. Opnar það reitina betur og hleypir meiri birtu inn í skóginn, sem gefur ýmsum botngróðri aukin tækifæri, auk þess sem það gefur þeim trjám sem eftir standa meira rými. Viðurinn sem til fellur verður seldur upp í kostnaðinn við grisjunina.

En það er fleira sem fallið getur til við slíka grisjun en bara viðurinn í trjánum. Á greinum trjánna sitja nefnilega könglar sem innihalda fræ. Undir venjulegum kringumstæðum getur verið töluvert fyrirtæki að tína köngla, enda trén iðulega hávaxin og kallar könglatínsla því venjulega á stiga, klifur eða einhvern lyftubúnað. En þegar trén hafa verið felld og greinar liggja á jörðinni verður könglatínslan mun auðveldari. Var því ákveðið að nýta það tækifæri sem skapaðist við þessa grisjun og tína köngla í Daniélslundi, enda orðið erfiðara með stafafurufra en áður var. Héldu því nokkrir starfsmenn Skógræktarfélags Íslands, Skógræktarfélags Reykjavíkur, Vesturlandsskóga, Suðurlandsskóga og Mógilsár, ásamt fulltrúa Skógræktarfélags Borgarfjarðar, út í skóg á góðviðrisdegi í byrjun mars til að tína köngla. Gekk tínslan vel og söfnuðust tæp 140 kg af könglum. Var könglunum komið til Skógræktar ríkisins á Tumastöðum til frekari vinnslu og standa vonir til þess að af þeim komi gott fræ.



Uppskeran komin til Tumastaða (Mynd: Hrafn Óskarsson).



Að ofan. Könglatínarar í lok dags. F.v. Hlynur Gauti Sigurðsson, Benjamin Dohn Vogenberg, Lukas Varga, Brynjar Ingi Jónsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Böðvar Guðmundsson, Brynjólfur Jónsson, Hallur Björgvinsson, Hraundís Guðmundsdóttir, Einar Gunnarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Á myndina vantar Friðrik Aspelund og ljósmyndara - Ragnhildi Freysteinsdóttur (Mynd: RF).

Tímavélin hans Jóns

Ráðstefna til heiðurs Jóni Loftssyni

Þann 20. janúar var haldin ráðstefna, undir yfirskriftinni *Tímavélin hans Jóns*, til heiðurs Jóni Loftssyni, í tilefni sjötugsafmælis hans og starfsloka hans sem skógræktarstjóra, en hann lét af störfum um áramótin, eftir 26 ár í embætti og rúmlega fjörutíu ára starf hjá Skógrækt ríkisins. Sérlega vel var mætt á ráðstefnuna, en hana sátu rúmlega 160 manns.

Fyrri hluti ráðstefnunnar var helgaður skógræktarstarfi í landinu síðustu 70 ár með sitkagreni í brennidepli. Helgi Sigurðsson, dýralæknir og sagnfræðingur, rakti í fyrsta fyrirlestrinum upphafsár skógræktar og sandgræðslu á Íslandi upp úr aldamótunum 1900. Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá, fjallaði um Hákon Bjarnason sem tók við skógræktarstjórastöðunni 1935 og lagði grunninn að því sem síðar varð, ekki síst með því að fara vestur um haf og finna nýjar trjategundir til skógræktar. Fyrstu hugmyndir Íslendinga um timburskóga voru umfjöllunarefni Þorbergs Hjalta Jónssonar, skógfræðings á Mógilsá, sem minntist á þær hugmyndir Páls Jónssonar Vídalíns og Arngríms Þorkelssonar Vídalíns frá því um aldamótin 1700 að hefja nýræktun skóga með erlendum timburtrjám. Edda Sigurðís Oddsdóttir, plöntuvistfræðingur á Mógilsá, ræddi um sjúkdóma og meindýr á trjám. Hún lagði áherslu á þá hættu sem fælist í óvarlegum innflutningi lifandi trjáa til landsins, ekki síst innflutningi jólatrjáa.

Á síðari hluta ráðstefnunnar var horft til framtíðar. Björn Traustason, landfræðingur á Mógilsá, minntist m.a. á markmiðin sem sett voru með lögum



Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, sat alla ráðstefnuna. Hér situr hún með Jóni Loftssyni (Mynd: Pétur Halldórsson).

um landshlutabundin skógræktarverkefni fyrir aldarfjórðungi um að 5% láglendis landsins yrðu klædd skógi. Að óbreyttu næðust þau ekki fyrr en 2130. Haraldur Ólafsson veðurfræðingur ræddi um gróður og veðurfar í fortíð, nútíð og framtíð og benti meðal annars á að ef hálendið yrði grætt upp yrði hafgolan illræmda að mestu úr sögunni á landinu. Skógar hefðu líka áhrif á vindafar eins og dæmin sanna, til dæmis úr Reykjavík. Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri talaði um mikilvægi þess að gerð yrði landsáætlun í skógrækt í anda þess sem önnur Evrópulönd hafa gert. Binda þyrfti í lög að slík áætlun skyldi gerð og reglulega endurskoðuð. Hrefna Jóhannesdóttir, skógfræðingur og skógarbóndi á Silfrastöðum í Skagafirði, ræddi um vöxt lífhagkerfisins í heiminum og stækkun markaðar fyrir trjávið og viðarafurðir. Grunnurinn að verðmætasköpun úr skógum í framtíðinni væri umhirða og skipulagning skóganna. Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, talaði einnig um skógrækt á tímum breytinga og benti á að nú væri meiri meðbyr með skógrækt en verið hefði langt fram eftir síðustu öld. Þá spurði Brynhildur Bjarnadóttir, skógvistfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, í fyrirlestri sínum hvort Ísland yrði eftirsótt til kolefnisbindingar með skógrækt. Brynhildur taldi raunar að svo væri nú þegar og benti á ýmis tækifæri sem við blöstu. Loks talaði Edward Huijbens, sérfræðingur á Rannsóknarmiðstöð ferðamála, um samleið skógræktar og ferðaþjónustu og lagði áherslu á gildi skóga fyrir heilsu og upplifun fólks.



Þorbergur Hjalta Jónsson, skógfræðingur á Mógilsá, greindi frá því að vöxtur sitkagrenis á Íslandi hefði orðið mun meiri en menn hefðu gert ráð fyrir í upphafi. Hann telur að Íslendingar standi nú á þröskuldi nýs upphafs í skógrækt (Mynd: Pétur Halldórsson).

Skógarnámskeið fyrir krakka

Skógræktarfélag Íslands og Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni bjóða nú í sumar upp á spennandi skógarnámskeið fyrir 10-12 ára krakka. Á námskeiðinu verður blandað saman fræðslu og kennslu um skógrækt og spennandi leikjum og ævintýradagskrá frá skátunum.

Á námskeiðinu verður farið í spennandi leiki í og við skóginn á Úlfjótssvatni og fá krakkarnir um leið að kynna skóginum og skógrækt. Farið verður í báta, klifrað í klifurturninum og ýmislegt annað prófað.

Tilvalið námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á náttúrunni og vilja njóta þess að fræðast um leið og tækifæri er til að kynna hressum krökkum með svipuð áhugamál. Námskeiðið stendur í fjóra daga, frá föstudegi til mánudags. Leiðbeinendur koma bæði frá Útilífsmiðstöðinni og Skógræktarfélaginu þannig að það verða sérfræðingar í öllum hlutverkum.

Á heimasíðu Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfjótssvatni má kynna sér námskeiðið frekar og skrá sig - <http://sumarbudir.is/>

Klifurturninn er alltaf vinsæll (Mynd: JAJ).



Allir lesa Laufblaðið!



Skógræktarfélag Íslands hefur um margra ára skeið verið með tilfallandi móttökustjóra í vinnu, hann Depil. Þar sem Depil er nú kominn á löglegan eftirlaunaaldur (og rúmlega það), umreiknað úr hundárum, fannst honum kominn tími til að finna mögulegan „eftirmann“. Hefur því hann Þjakkur verið í starfsþjálfun hjá Depli undanfarna mánuði og er Þjakkur bara nokkuð efnilegur. Hér er Depil (t.h.) að kynna Þjakk fyrir fréttablaði skógræktarfélaganna, Laufblaðinu, enda er það skyldulesning fyrir alla „starfsmenn“ félagsins.

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilega mynd af einhverjum að lesa Laufblaðið. Fyrirsætur mega vera sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárrýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

(Mynd: RF).

Barnahornið - lausn gátu í 3. tbl. Laufblaðsins 2015



Grisjað og snyrt í Skólalundi

Þótt sumarið sé háannatími skógræktarfólks eru ýmis verk sem vinna má á veturna. Nú í febrúar hafa starfsmenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, ásamt Þorkatli Þorkelssyni, unnið að grisjun, kvistun og annarri snyrtingu skógarins í Skólalundi í Undirhlíðum, en félagið fékk styrk til þess frá Landgræðslusjóði. Skólalundur er einnig nefndur Stóri-Skógarhvammur og er elsta ræktaða skóglendi í umsjón Skógræktarfélagsins. Trjárækt hófst þar árið 1930 fyrir tilstuðlan Ingvars Gunnarssonar, kennara við Barnaskóla Hafnarfjarðar og fyrsta formanns Skógræktarfélagsins, en hann fór með nemendur sína í gróðursetningaferðir þangað. Þess má til gamans geta að Skógræktarfélagið verður sjötugt á þessu ári.

Stærstu trén í Skólalundi eru nú hátt í 20 m há. Mest ber á sitkagreni og stafafuru, en einnig er talsvert þar af berg- og fjallafuru og nokkur blágrenitré. Birki hefur svo verið duglegt að koma sér sjálft fyrir í lundinum.

T.h. Starfsmenn félagsins, Árni Þórólfsson og Jökull Gunnarsson hafa unnið að snyrtingu lundarins (Mynd: Steinar Björgvinsson).



Kvistun á furu í gangi (Mynd: Steinar Björgvinsson).



Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRÍÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

